

Ytra mat grunnskóla

# Hríseyjarskóli

September 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Akureyrarbæ

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2394-4

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Samantekt niðurstaðna .....	4
Skólaprófill.....	6
Hríseyjarskóli .....	7
Niðurstöður .....	8
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta .....	8
1.1 Faglegt samstarf og samræða .....	8
1.2 Samvirkni í stefnumótun .....	8
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	8
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	9
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	9
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	9
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna .....	10
Þáttur 2 – Nám og kennsla .....	11
2.1 Inntak og námskrá .....	11
2.2 Árangur náms .....	11
2.3 Gæði kennslu .....	12
2.4 Skipulag náms.....	13
2.5 Námsvitund .....	14
2.6 Ábyrgð og þátttaka .....	14
Þáttur 3 – Innra mat .....	15
3.1 Skipulag.....	15
3.2 Framkvæmd.....	15
3.3 Umbætur .....	15

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Hríseyjarskóla sem fór fram á haustönn 2019. Teknir voru fyrir þrjú matsþættir, þar sem sveitarfélag/skóli óskaði ekki sérstaklega eftir að metinn yrði einhver fjórði þáttur. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

## Stjórnun og fagleg forysta

### Styrkleikar

- Skólastjóri hefur forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu um faglegt skólastarf.
- Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal starfsmanna.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Skólastjóri efnir regluleg til formlegra og óformlegra funda með foreldrum.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru fjölbreytt.
- Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.
- Ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála eru skýr og virk.
- Nemendur eiga aðkomu að nefndum og ráðum, á þá er hlustað og tekið tillit til sjónarmiða þeirra.
- Við stjórnun leggur skólastjóri áherslu á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara.

### Tækifæri til umbóta

- Vinna skólanámskrá þannig að allir þættir komi fram skv. viðmiðum í aðalnámskrá.
- Huga að því við stefnumótun í skólanum að allir aðilar skólasamfélagsins komi þar að.
- Finna formlegar leiðir til þess að leita eftir sýn og hugmyndum foreldra um skólastarf.
- Gæta þess að allir fulltrúar í skólaráði séu kosnir til tveggja ára.
- Birta fundargerðir skólaráðs á heimasíðu skólans.
- Skólaráð haldi opinn fund einu sinni á skólaári fyrir hagsmunaaðila skólans sbr. reglugerð.
- Gæta þess að heimasíðan sé virk og innihaldi réttar og hagnýtar upplýsingar.
- Gera kröfu um að leiktæki á skólalóð verði endurnýjuð svo öryggis nemenda sé gætt.
- Láta verktaka og aðra tímabundna gesti í skólanum skrifa undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu.

## Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Stefna skólans er sýnileg í öllu skólastarfi.
- Nemendur vinna með lykilhæfni og tengja eigin markmiðsvinnu.
- Uppsafnað meðaltal skólans sýnir góðan árangur á samræmdum prófum.
- Áhersla á þátttöku nemenda er mjög góð í tengslum við Sudburyvikurnar.
- Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu.
- Kennarar vinna saman að því að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.

- Nemendur fá tækifæri til að vinna með áhugasvið sín í námi.
- Nemendur eru virkir og hafa áhrif á nám og námsumhverfi sitt.

#### Tækifæri til umbóta

- Birta námsvísa með markmiðum náms tengt aðalnámskrá og stefnu skólans sem fyrst á skólaárinu.
- Gera betur grein fyrir áherslum og framkvæmd vegna sértæks stuðnings í skólanámskrá.
- Vinna með niðurstöður samræmdra könnunarprófa til lengri tíma litið.
- Huga að eflingu lesfimi á yngsta stigi.
- Birta hæfniviðmið í öllum námsgreinum og gera nemendum og foreldrum aðgengileg.
- Efla samræður um nám og samvinnu nemenda þar sem við á.
- Þjálfva nemendur í að setja sér markmið í námi og að taka þátt í að meta eigin framfarir.
- Skrá viðmið um árangur skimana og mats og til hvaða aðgerða skuli grípa í kjölfarið ef þarf.

#### Innra mat

##### Styrkleikar

- Innra mat er álitnið mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu.
- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer í innra mati.
- Mat á námi, árangri og framförum nemenda fer fram reglulega.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Innra mat byggir bæði á megindegum og eigindlegum aðferðum við öflun gagna.
- Niðurstöður úr innra og ytra mati eru kynntar fyrir helstu hagsmunaaðilum.
- Brugðist er fljótt við ef umbóta er þörf, hvort sem það kemur fram í innra mati eða annars staðar.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna áætlun um innra mat ársins og gera þar grein fyrir aðgerðum, þátttakendum, tímasetningum, ábyrgðaraðilum og viðmiðum um árangur, þar sem það á við.
- Skipa teymi fulltrúa í innra mati þar sem allir hagsmunaaðilar eiga aðkomu.
- Leita formlega eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðilar við matið, s.s. foreldra.
- Gera langtímaáætlun um innra mat til þriggja til fimm ára.
- Vinna árlega greinargerð um innra mat og birta opinberlega.
- Gera árlega umbótaáætlun þar sem fram koma aðgerðir, tímasetningar, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig á að meta umbætur.
- Bera umbótaáætlun sem og aðrar áætlanir og skýrslur í innra mati undir skólaráð með formlegum hætti.

## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Hríseyjarskóli

Skólahald hefur verið í Hrísey síðan 1906. Hríseyjarskóli, eins og hann er í dag, varð til árið 2007 þegar leikskólinn og grunnskólinn voru sameinaðir. Skólahúsnæðið sem hýsir bæði skólastig, stendur við Hólabraut í Hrísey. Einkunnarorð / gildi skólans eru *Manngildi, þekking og metnaður*.

Í grunnskólanum eru 16 nemendur á haustönn 2019. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	0	1	2	1	2	4	2	1	2	1
Samkennsluhópar		2.-5. bekkur 6 nemendur				6.-10. bekkur 10 nemendur				

Þrír nemendur eru af erlendum uppruna og fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Nemendur með skilgreinda sérkennslu (einstaklingsáætlun) eða aðlagað námsefni eru tveir.

Engar kennslustundir hafa fallið niður á árinu, aðrir kennarar sjá um kennslu ef um er að ræða veikindi eða önnur forföll.

Á þessu starfsári eru engir nemendur sem stunda nám á öðru skólastigi.

Starfsmenn skólans eru fimm; skólastjóri (með rúmlega 50% kennsluskyldu), tveir kennarar í fullu starfi, skólaliði í 50% stöðugildi og matráður í 60% stöðugildi, en þeir tveir síðasttöldu starfa einnig við leikskólann.

## Niðurstöður

### Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

#### 1.1 Faglegt samstarf og samræða

Skólastjóri og kennarar hafa miklar væntingar til náms nemenda og huga stöðugt að því að þróa kennsluhætti sína til að bæta gæði náms fyrir nemendur. Þeir vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu. Góður tími gefst til ígrundunar og gagnrýnnar samræðu um starfshætti, bæði á formlegum og óformlegum fundum. Rýnt er í árangur og aðgerðir í kennslu með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda.

Í rýnihópum kom fram að allir starfsmenn líta á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur og á það raunar við um skólann í heild, þ.e. bæði leik- og grunnskóla.

Símenntunaráætlun byggir á stefnu skólans og nær til allra starfsmanna. Einnig sækja starfsmenn sí- og framhaldsmenntun sem einstaklingar á sínum sviðum og fá til þess hvatningu frá skólastjóra.

#### 1.2 Samvirkni í stefnumótun

Skólastjóri stuðlar að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og skólanámskrá. Sýn skólans endurspeglar áherslu á rétt nemenda til náms á eigin forsendum. Auk þess er í stefnu skólans í skólanámskrá rætt um fjölbreytt og skapandi nám, umhverfismál, samkenndu og notkun upplýsingatækni. Í skólanámskránni er einnig fjallað um gildi einkunnaröðanna *manngildi*, *þekking*, *metnaður* og *framfærsla* skólans.

Skólanámskrá er á heimasíðu skólans og uppfyllir að mestu viðmið aðalnámskrár. Skólastjóri og kennarar sjá um endurskoðun hennar án formlegrar aðkomu nemenda og foreldra.

Starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og er birt á heimasíðu skólans. Í daglegu tali og fréttatvöngi leggur skólastjóri áherslu á það jákvæða í skólastarfinu og stuðlar að virku samstarfi allra í skólasamfélaginu.

#### 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Samstarf við foreldrafélag og foreldra almennt eru góð og gagnvirk. Í svo fámennu samfélagi er samstarfið að miklu leyti á óformlegan hátt því boðleiðir eru mjög stuttar. Þó eru ákveðnir viðburðir sem foreldrum er formlega boðið til, svo sem á Degi íslenskar tungu og Degi læsis. Á þessa viðburði er einnig öðrum íbúum eyjarinnar boðið og þá m.a. boðið upp á hádegisverð meðan fylgst er með atriðum í flutningi nemenda. Ýmis önnur tengsl eru við grenndarsamfélagið, m.a. fara nemendur í heimsóknir á vinnustaði í Hrísey og fræðast um starfsemina og á Degi læsis lesa nemendur fyrir farþega í ferjunni Sævari.

Snemma á hverju skólaári eru svokölluð fjölskyldusamtöl þar sem nemandi ásamt fjölskyldu sinni og umsjónarkennara ræða um námsefni vetrarins og markmið sem viðkomandi nemandi hefur sett sér. Þá eru einnig hefðbundin foreldraviðtöl tvisvar á ári sem fara fram að loknum skóladegi, þar sem m.a. eru ræddar námslegar framfarir nemenda.

Þar sem skólinn er samrekin leik- og grunnskóli er auðvelt að miðla upplýsingum milli þeirra skólastiga og heilmikið samstarf. Skólastigin halda meðal annars sameiginlegar skemmtanir og vinna saman að



umhverfisstefnu skólans. Elstu nemendur fara árlega til Akureyrar og fá kynningu á Verkmenntaskólanum á Akureyri og Menntaskólanum á Akureyri.

Nemendaráðið sér um nokkra viðburði í skólanum, auk þess sem fulltrúar félagsmiðstöðva á Akureyri koma tvisvar til þrisvar á skólaári og hitta unglingana í Hríseyjarskóla.

Skólaráð fundar tvisvar á ári og er þá farið yfir ýmis mál sem eru á döfinni en í viðræðum við rýnihóp með skólaráði kom fram að ekki er beint um að ræða virkan þátt þess í stefnumótun skólans. Þá hefur ráðið ekki staðið fyrir opnum fundi einu sinni á ári fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð kveður á um. Fundargerðir eru ekki á heimsíðu skólans. Skipan í skólaráð fer fram með óformlegum hætti vegna fámennis og stundum reynist ekki auðvelt að fá nemendur til að taka þátt þar og eru fulltrúar af þeim sökum ekki alltaf valdir til tveggja ára.

#### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi skólastjóra og annarra starfsmanna. Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.

Alltaf eru einhver þróunar- eða nýbreytniverkefni í gangi. Má þar nefna að eftir nokkra lögð í verkefninu Skóli á grænni grein er nú á döfinni að leggja áherslu á það aftur og búið er að ræða það í skólaráði. Það kemur einnig fram í símenntunaráætlun skólans. Skólinn hefur fengið Grænfánann 5 sinnum.

Fyrir þremur árum tók skólinn þátt í þróunarverkefninu *Leiðtogar í eigin námi* sem sneri að ábyrgð nemenda á eigin námi. Þetta verkefni var unnið í samstarfi við Grímseyjarskóla, Háskólann á Akureyri og skóla erlendis og eftir það hafa verið haldnar svokallaðar Sudburyvikur á hverri önn. Nánar er fjallað um verkefnið í kaflanum *Nám og kennsla*.

#### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Að mati viðmælenda sér skólastjóri um að ferli samskipta og lausn ágreiningsmál séu skýr og virk. Brugðist er fljótt við ef upp koma ágreiningsmál og leitað lausna. Starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt.

Heimasíða skólans birtir skólanámskrá og starfsáætlun auk ýmissa annarra upplýsinga en er ekki uppfærð reglulega með fréttum af skólastarfi. Hugmyndir foreldra um skólastarfið og breytingar á því berast einkum með óformlegum hætti því ekki eru lagðar formlegar kannanir fyrir foreldra.

Nemendum eru kynnt öryggismál, þar með talið netöryggi. Starfsmönnum er kynnt lög um persónuvernd og trúnað en það gildir ekki um verktaka sem koma tímabundið í skólann. Þar til bærir eftirlitsmenn fylgjast með því að aðbúnaðar skóla sé öruggur. Frá árinu 2015 hefur öryggi á skólalóð verið ábótavant vegna leiktækja sem uppfylla ekki reglur þar um.

Nemendaráð er starfandi við skólann og nemendur sitja fundi skólaráðs. Auk þess hafa nemendur setið í umhverfisráði Grænfána og að sögn nemenda er hlustað á þá og tekið tillit til sjónarmiða þeirra.

Skólareglur eru til staðar og viðurlög við þeim en gæta þarf þess við endurskoðun að þau rími við reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Auk þess gera nemendur sér bekkjarreglur á lýðræðislegan hátt þar sem allir hafa tækifæri til að koma skoðunum sínum að og síðan eru reglurnar samþykktar af öllum með undirskrift.

#### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Að mati viðmælenda í rýnihópum vinnur skólastjóri markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra í skólasamfélaginu. Reynt er að nýta sérþekkingu hvers

starfsmanns sem best þrátt fyrir að um fámennan hóp sé að ræða. Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og mögulega verður við komið.

Skólastjóri sinnir meira en hálfu starfi í kennslu og fylgist því vel með hvernig kennsluhættir eru í skólanum, hann er í kennslustundum með öðrum kennurum og fylgist því með kennslu þó ekki sé um formlega endurgjöf að ræða. Umræður um nám og kennslu eru hins vegar miklar þar sem nám nemenda eru að miklu leyti undirbúið í samstarfi og samvinnu þeirra þriggja sem sjá um kennsluna.

Starfsþróunarsamtöl fara fram árlega og að sögn viðmælenda í rýnihópum fá starfsmenn hrós fyrir störf sín þegar við á.

### 1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og hvetur aðra starfsmenn til að sækja sér sí- og endurmenntun til eflingar starfinu í skólanum. Starfsmönnum er falin ábyrgð á hinum ýmsu þáttum skólastarfs og finnst þeir njóta traust við það. Skólastjóri hvetur starfsfólk til hreyfingar og hefur frumkvæði að reglulegum gönguferðum.

#### Styrkleikar

- Skólastjóri hefur forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu um faglegt skólastarf.
- Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal starfsmanna.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Skólastjóri efnir regluleg til formlegra og óformlegra funda með foreldrum.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru fjölbreytt.
- Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.
- Ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála eru skýr og virk.
- Nemendur eiga aðkomu að nefndum og ráðum, á þá er hlustað og tekið tillit til sjónarmiða þeirra.
- Við stjórnun leggur skólastjóri áherslu á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna skólanámskrá þannig að allir þættir komi fram skv. viðmiðum í aðalnámskrá.
- Huga að því við stefnumótun í skólanum að allir aðilar skólasamfélagsins komi þar að.
- Finna formlegar leiðir til þess að leita eftir sýn og hugmyndum foreldra um skólastarf.
- Gæta þess að allir fulltrúar í skólaráð séu kosnir til tveggja ára.
- Birta fundargerðir skólaráðs á heimasíðu skólans.
- Skólaráð haldi opinn fund einu sinni á skólaári fyrir hagsmunaaðila skólans sbr. reglugerð.
- Gæta þess að heimasíðan sé virk og innihaldi réttar og hagnýtar upplýsingar.
- Gera kröfu um að leiktæki á skólalóð verði endurnýjuð svo gætt sé öryggis nemenda.
- Láta verkataka og aðra tímabundna gesti í skólanum skrifa undir trúnað og þagnarskyldu.

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Skólafarfið mótast af stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda. Matsmenn sáu að borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum einstaklinga. Áherslur skólans eru að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur, á mikilvægi umhverfismála, fjölbreytni í kennsluháttum, sjálfstæð vinnubrögð, sköpun og frumkvæði nemenda. Til að ná þeim markmiðum eru meðal annars sérstakar vikur, ein á önn, sem kenndar eru við Sudbury skóla á Englandi sem leggur áherslu á sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Einkennandi fyrir þær vikur er að nemendur skipuleggja sína viku í samráði við foreldra og fylla inn í dagskipulag þar sem kemur fram að hvaða námsverkefnum þau ætla að vinna og hvernig og nemendur tengja verkefnin við lykilhæfni. Skólinn hefur sett fram leiðir til að vinna að grunnþáttum menntunar og lykilhæfni í skólanámskrá. Þegar matsmenn voru á vettvangi í annarri viku september, voru áætlanir annarinnar/vetrarins um nám ekki tiltækar eða orðnar opinberar í öllum námsgreinum. Í þeim áætlunum sem matsmenn fengu var ekki vísað til grunnþátta og í sumum tilfellum voru ekki sett fram markmið náms tengd aðalnámskrá, en að sögn skólafjöra er það gert inni í Mentor. Nemendur vinna markvisst með lykilhæfni og tengja við einkunnarorð skólans og eigin markmið, sérstaklega í vikunum tveimur sem þeir stýra sjálfir. Foreldrar fá kynningu á áætlunum um nám á haustfundi. Skólinn er með stefnu um að mæta öllum nemendum í fámennum samkennsluhópum og að kennsla nemenda með sérþarfir rúmist innan viðfangsefna námshópa. Í viðtölum kom fram að huga mætti betur að ráðgjöf frá sveitarfélagi vegna sértæks stuðnings þegar þess er þörf. Í skólanámskrá ætti að koma fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings vegna sérþarfa er.

### 2.2. Árangur náms

Sýn skólans er að allir geti tekið framförum með viðeigandi námi. Kennarar segja að fylgst sé með árangri nemenda með smærri könnunum og frammistöðumati jafnt og þétt og hann skráður, m.a. í hæfnikort í Mentor. Nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við að nota Mentor en foreldrar sögðust fá upplýsingar um stöðu barna sinna þar meðal annars. Samvinna kennara nær til skipulags, áætlana og úrvinnslu námsmats með það að markmiði að auka framfarir nemenda. Vegna fámennis gerir skólinn ekki opinberlega grein fyrir árangri á samræmdum könnunarprófum en hægt er að skoða uppsafnað meðaltal til að sjá tilhneigingu í árangri til lengri tíma og setja fram áætlun um árangur.

#### *Samræmd könnunarpróf*

Fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár og eru því engar myndir birtar. Uppsafnaður árangur er sú niðurstaða sem fæst þegar fjöldi nemenda á bak við árangur er tíu eða fleiri, það er viðmið um birtingu. Þarf því að reikna saman nokkur ár í einu.

**4. bekkur** Uppsafnaður árangur í íslensku og stærðfræði 2016-2018 er um og yfir landsmeðaltali. Árangur hefur aukist í báðum greinum.

**7. bekkur** Uppsafnaður árangur í íslensku og stærðfræði 2016-2018 er um landsmeðaltal.

**9. bekkur** Árið 2017 voru prófin haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Ekki eru nægilega margir einstaklingar undir til að fjalla um þennan þátt.

**10. bekkur** 2017 var síðasta árið sem prófað var í 10. bekk. Uppsafnaður árangur reiknað frá 2008 var yfir landsmeðaltali í öllum metnum fögum, það er íslensku, stærðfræði og ensku.

### Lesferill

Skólinn nýtir Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Almennt er lesfimi nemenda undir meðaltali landsins á fyrstu árum skólagöngunnar en er um landsmeðaltal frá 7. bekk. Allir eða nærri allir nemendur hvers árgangs taka Lesferil.


Skólinn leitar eftir upplýsingum frá nemendum í fjölskylduviðtölum sem fram fara í upphafi skólaárs þar sem nemendur gera m.a. grein fyrir líðan í upphafi skólaárs, markmiðum sínum um nám og væntingum til skólans.

Umfjöllun um námsmat er í skólanámskrá og þar er birtur kvarði um frammistöðumat en viðmið um árangur tengt námsgreinum er ekki birt þar eða sýnilegt almennt í skólanum. Hæfniviðmið eru sýnileg nemendum í sumum námsgreinum, eins og sést í tengslum við list- og verkgreinar.

### 2.3 Gæði kennslu

Matsmenn sátu í 10 kennslustundum hjá öllum nemendum og kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Stefna skólans og áherslur sjást í kennsluháttum, námi og námsumhverfi nemenda. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Flestar kennslustundir voru metnar góðar eða frábærar en þættir sem fram komu að mætti bæta tengjast því að gera nemendum grein fyrir markmiðum og efla samræður nemenda í námi. Námstími nemenda er vel nýttur og verkefni fjölbreytt.

Markmið kennslustunda voru almennt ekki kynnt hópnum í heild í þeim stundum sem matsmenn sátu, en það getur verið snúið í samkennslu árganga eða þegar nám og kennsla er mjög einstaklingsmiðuð. Nemendur eru með áætlanir sem tengjast yfirferð.




Í kennslustundum sem matsmenn sátu voru kennsluáherslur að meirihluta fræðandi, það er bein kennsla, þar sem kennslustundin einkennist af því að kennari er í hlutverki fræðara sem miðlar upplýsingum og nemendur vinna að mestu í verkefnabækur sínar. Í aðstæðum eins og eru við samkennslu gengur kennari á milli og aðstoðar hvern og einn. Leiðbeinandi kennsluáherslur voru að hluta til í um þriðjungu stundanna, það er skipulagðar þannig að nemendur höfðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða höfðu bein áhrif á framgang eigin náms. Þær tvær vikur sem nefnast Sudbury-vikur eru kennarar alfarið leiðbeinandi og allir nemendur eru skipuleggjendur í eigin námi, frá þeim yngstu

til þeirra elstu. Kennarar og foreldrar nefna að námsþörfum nemenda sé mætt með aðstoð ef þarf í bekkjaraðstæðum, nemendur sem standa vel að vígi í námi „eru ekki stoppuð af“ og ef við á geta þeir tekið framhaldsskólaáfangi. Námsmat er fjölbreytt en tengja þarf það betur við hæfniviðmið námskrár.

#### 2.4 Skipulag náms

Skólinn er rúmgóður og vel búinn námsgögnum. Í skólanum er bókasafn, vel búin list- og verkgreinakennslustofa og rúmgott miðrymi sem nemendur nota á ýmsan hátt. Íþróttahús þar sem kenndar eru íþróttir og sund er við hliðina á skólanum. Nemendum er kennt í tveimur námshópum, 2.-5. bekk og 6.-10. bekk saman. Kennararnir tveir og skólustjóri vinna saman að skipulagi skólafarfa og undirbúningi kennslu. Þeir skipta með sér verkum þvert á árganga eftir sérfræði eða hæfileikum hvers og eins og koma að kennslu allra nemenda. Smíði er kennt í lotum af leiðbeinanda (smíði) á verkstæði utan skólans. Nemendur vinna að hluta til að samþættum, heildstæðum og rauntengdum verkefnum. Nemendur hafa val í námi í vikunum tveimur sem þeir skipuleggja sjálfir en einnig er boðið upp á val á stundaskrá aðrar vikur, fyrst og fremst tengt list- og verkgreinum. Fjöldi valstunda uppfyllir viðmið aðalnámskrár.



Í þeim kennslustundum sem matsmenn sáu voru nemendur að vinna einir að verkefnum sínum eða samvinna var í hluta tímans. Enginn tími var skipulagður fyrst og fremst sem samvinna nemenda um nám. Fjöldi nemenda í námshópi voru frá sex til fjórtán.

Miðað við það sem matsmenn sáu á vettvangi þarf að huga að því að efla meira samtal og samvinnu nemenda um nám. Við samkenndu árganga er hætta við að innlögn fari fyrst og fremst fram einstaklingslega og verði einhæf og einvörðungu munnleg þar sem kennari nýtir ekki kennslugögn eða tækni sem annars væri gert. Við það skapast síður námssamræða milli kennara og nemenda og nemenda í milli. Mikilvægt er fyrir kennara að hafa þetta í huga og kenna einnig nemendum að takast á við verkefni í þörum eða smærri hópum. Annað sem fámennið getur skapað er að viðmið um árangur verði skekkt, þannig að gerðar séu of litlar kröfur til náms og framfara. Að sögn skólustjóra eru kennarar hvattir til að gera kröfur til nemenda og efla þá sem leiðtoga í sínu námi.

Nemendur nýta sér námsumhverfið á fjölbreyttan hátt innan og utan skóla. Nemendur eru allir með sína spjaldtölvu og nýta upplýsingatækni í meirihluta kennslustundanna að einhverju marki. Kennarar

nýttu upplýsingatækni við kennslu í einni stund. Foreldrar telja sig fá reglulegar og góðar upplýsingar um stöðu náms og skólastarf. Nemendur nýta grenndarsamfélagið í námi á margan hátt. Dæmi hafa verið nefnd um lestur fyrir ferjufarþega á degi læsis, á degi íslenskrar tungu er öllum eyjaskeggjum sem vilja boðið í hádegisverð og auk þess vinna listamenn sem eru í listamiðstöð á eyjunni með nemendum.

## 2.5 Námsvitund

Nemendur voru áhugasamir og virkir í kennslustundum. Þeir þekkja styrkleika sína og tengja við eigið nám, meðal annars í tengslum við valvikur. Nemendur hafa unnið með lykilhæfni með það að markmiði að tengja við skipulag eigin náms þegar við á. Fram kom hjá kennurum að nemendur setji sér markmið í tengslum við fjölskylduviðtal, en þeir tengja markmiðssetningu sína ekki beint hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Unnið er með áhugasvið nemenda í námi og margvíslegir hæfileikar sýnilegir í verkefnum þeirra.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af samheldni og virðingu. Nemendur eru virkir og hafa möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um málefni sín. Nemendur tóku þátt í að setja skólareglur. Elstu nemendur í 8.-10. bekk eru í nemendaráði og eru yfirleitt allir í stjórn. Nemendur eru í Grænfánaráði og skólaráði, þeim er kynnt reglugerð um skólaráð en fá ekki sérstaka þjálfun til setu þar. Elstu nemendur tóku nýlega tekið þátt í stórþingi ungmenna á Akureyri í tengslum við Lýsu (árleg *Rokkhátíð samtalsins* þar sem byggð er brú milli almennings, félagasamtaka og stjórnmalafólks). Þeir sýna frumkvæði með aðgerðum til eflingar skólastarfs, svo sem með því að skrifa bæjarstjórn vegna umbóta sem þarf að gera á skólalóð. Að sögn skólastjóra er ekki gerð könnun á líðan nemenda lengur vegna fámennis, en þeir eru spurðir um líðan í tengslum við fjölskylduviðtalið.

### Styrkleikar

- Stefna skólans er sýnileg í öllu skólastarfi.
- Nemendur vinna með lykilhæfni og tengja eigin markmiðsvinnu.
- Uppsafnað meðaltal skólans sýnir góðan árangur á samræmdum prófum.
- Áhersla á þátttöku nemenda er mjög góð í tengslum við Sudburyvikurnar.
- Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu.
- Kennarar vinna saman að því að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.
- Nemendur fá tækifæri til að vinna með áhugasvið sín í námi.
- Nemendur eru virkir og hafa áhrif á nám og námsumhverfi sitt.

### Tækifæri til umbóta

- Birta námsvísa með markmiðum náms tengt aðalnámskrá og stefnu skólans sem fyrst á skólaárinu.
- Gera betur grein fyrir áherslum og framkvæmd vegna sértæks stuðnings í skólanámskrá.
- Vinna með niðurstöður samræmdra könnunarprófa til lengri tíma litið.
- Huga að eflingu lesfimi á yngsta stigi.
- Birta hæfniviðmið í öllum námsgreinum og gera nemendum og foreldrum aðgengileg.
- Efla samræður um nám og samvinnu nemenda þar sem við á.
- Þjálfar nemendur í að setja sér markmið í námi og að taka þátt í að meta eigin framfarir.
- Skrá viðmið um árangur skimana og mats og til hvaða aðgerða skuli grípa í kjölfarið ef þarf.

### Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

#### 3.1 Skipulag

Í öllum rýnihópum kom fram að innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Er þar rætt um bréfflegar kannanir og m.a. blað sem nemendur fylla út fyrir fjölskylduviðtal í byrjun skólaárs. Þá er rýnt í árangur nemenda og framfarir svo og starfsmannakannanir Akureyrarbæjar. Starfsmannasamtöl eru einnig liður í innra mati skólans og niðurstöður þeirra skráðar hverju sinni.

Formleg áætlun um innra mat líðandi árs er ekki til staðar og því ekki hægt að bera hana saman við símenntunaráætlun skólans. Ekki er hægt að sjá að stefna skólans, svo sem lotukerfið, sé metið markvisst og reglubundið eða að skilgreind séu viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

#### 3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og skólastjóra. Framkvæmd innra mats er á ábyrgð skólastjóra og aðrir hagsmunaaðilar, s.s. foreldrar og nemendur, koma þar lítið að.

Niðurstöður sem afað er af aðilum utan skólans, svo sem úr viðhorfskönnunum hjá Akureyrarbæ og samræmdum könnunarprófum, eru rýndar, ræddar og nýttar til umbóta. Byggðar hafa verið upp gagnaöflunarleiðir sem hæfa þörfum skólans og eru nokkuð fjölbreyttar.

#### 3.3 Umbætur

Niðurstöður úr innra mati eru kynntar helstu hagsmunaaðilum en ekki er gerð greinargerð árlega um innra mat þar sem koma fram grundvallarupplýsingar um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta eða hvort markmið hafi náðst.

Þegar niðurstöður liggja fyrir eiga sér stað samræður um þróun og umbætur en ekki er gerð formleg umbótaáætlun þar sem koma fram leiðir að umbótum, þátttakendur, tímasetning, ábyrgðaraðilar eða hvenær og hvernig á að meta árangur umbóta.

Ef athugasemdir koma um skólastarfið sem gefa til kynna að umbóta sé þörf er brugðist fljótt við og leitað lausna þó athugasemdir snúi ekki beint að verkefnum sem metin hafa verið formlega í innra mati.

#### Styrkleikar

- Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu.
- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer í innra mati.
- Mat á námi, árangri og framförum nemenda fer fram reglulega.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Innra mat byggir bæði á megindegum og eigindegum aðferðum við öflun gagna.
- Niðurstöður úr innra og ytra mati eru kynntar fyrir helstu hagsmunaaðilum.

- Brugðist er fljótt við ef umbóta er þörf, hvort sem það kemur fram í innra mati eða annars staðar.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna áætlun um innra mat ársins og gera þar grein fyrir aðgerðum, þátttakendum, tímasetningum, ábyrgðaraðilum og viðmiðum um árangur, þar sem það á við.
- Skipa teymi fulltrúa í innra mati þar sem allir hagsmunaaðilar eiga aðkomu.
- Leita formlega eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðilar við matið, s.s. foreldra.
- Gera langtímaáætlun um innra mat til þriggja til fimm ára.
- Vinna árlega greinargerð um innra mat og birta opinberlega.
- Gera árlega umbótaáætlun þar sem fram koma aðgerðir, tímasetningar, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig á að meta umbætur.
- Bera umbótaáætlun sem og aðrar áætlanir og skýrslur í innra mati undir skólaráð með formlegum hætti.